

Fiskeldissjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2026

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Fiskeldissjóði fyrir árið 2026. Til úthlutunar á árinu 2026 eru 554.000.000 kr.

Skilyrðum fyrir veitingu styrkja úr Fiskeldissjóði hefur verið breytt. Breytingarnar eru gerðar að höfðu samráði við fulltrúa þeirra sjö sveitarfélaga sem eiga rétt á að sækja um styrki í Fiskeldissjóð sem eru Bolungarvík, Fjarðabyggð, Múlaþing, Ísafjarðarbær, Súðavík, Strandabyggð og Vesturbyggð.

Eftirfarandi skilyrði eru sett til að umsókn teljist gild:

- Að umsækjandi sé styrkhæft sveitarfélag.
- Kostnaðar- og framkvæmdaáætlun liggi fyrir.
- Framkvæmd sé á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2026.
- Að framkvæmdir hefjist árið 2026 og séu ekki hafnar þegar umsókn er send inn.
- Styrkfjárhæð sé að hámarki 50% af heildarkostnaði verkefnisins.
- Verkefnið falli að áherslum sjóðsins.
- Verkefnið sé á forræði sveitarfélagsins.
- Verkefnið skal vera fjárfesting í uppbyggingu innviða enda er það fært til eignar í reikningshaldi sveitarfélagsins.
- Stefnt sé að verkefninu sé lokið innan þriggja ára.

Til að teljast styrkhæft skal lágmarksumfang verkefnis vera 40.000.000 kr. Hámarksstyrkur til einstaks sveitarfélags er 150.000.000 kr.

Nauðsynleg gögn sem fylgja þurfa umsókn eru:

- Greinargerð um þörf fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu í sveitarfélaginu.
- Staðfesting þess að verkefnið sé samþykkt í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
- Lýsing á verkefninu ásamt kostnaðar- og framkvæmdaáætlun.
- Greinargerð um hvernig verkefnið falli að áherslum sjóðsins árið 2026.

Almennar áherslur sjóðsins árið 2026 eru að umsóknarverkefni stuðli að öflugri og sjálfbærri uppbyggingu innviða í sveitarfélaginu. Verkefni sem lögð verður áhersla á árið 2026 skulu m.a. snúa að:

- Uppbyggingu innviða vegna skóla- og frístundastarfs.
- Úrbótum á meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. fráveituframkvæmdum.
- Úrbótum á neysluvatni.
- Uppbyggingu og undirbúningi nýrra íbúðahverfa.

- Uppbyggingu á brunavörnum og öðrum verkefnum sem efla öryggi íbúa.
- Uppbyggingu hafnarsvæða.
- Eflingu mannlífs og heilsueflingu svo sem sundlauga, íþróttamannvirkja og safna.

Falli verkefni ekki að ofangreindu er stjórn heimilt að kalla eftir sérstökum rökstuðningi varðandi mikilvægi verkefnisins, enda falli verkefnið að uppbyggingu innviða. Stjórn er heimilt að hafna verkefnum sem ekki falla að áherslum sjóðsins.

Styrkhæf sveitarfélög eru vinsamlegast beðin um að kynna sér nýju skilyrðin vel. Ábendingar eða ósk um skýringar skulu sendar til atvinnuvegaráðuneytisins fyrir lok umsóknarfrests.

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2026. Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins á slóðinni <https://minarsidur.stjr.is>.

Fiskeldissjóður starfar á grundvelli 7. gr. laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Sjóðnum er ætlað að veita sveitarfélögum styrki til uppbyggingar innviða, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, og styrkja þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum. Stjórn sjóðsins starfar eftir starfsreglum sjóðsins.

Frekari upplýsingar veitir Jón Baldur Lorange, jon.baldur.lorange@atrn.is eða í síma í 545-9700.